

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um mannvirki nr. 160/2010 (flokkun mannvirkja og eftirlit með mannvirkjagerð)

Lagt hefur verið fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um mannvirki, nr. 160/2010. Öryrkjabandalag Íslands og Sjálfsbjörg Ish. sendu inn umsagnir til félagsmálaráðuneytisins þegar drög að frumvarpinu var lagt fram í samráðsgátt í maí 2020. Frumvarpið hefur ekki tekið miklum efnislegum breytingum síðan. Bandalagið ítrekar afstöðu sína, sem kemur fram í fylgiskjali en bendir á að vísanir í einstakar greinar frumvarpsins eigi ekki við um það frumvarp sem nú liggur fyrir.

Sérstakar áherslur:

Brýnt er að aðaluppdrættir mannvirkja sem falla undir ákvæði um algilda hönnun séu merktir svo að tryggt sé að skoðunarmenn fari sérstaklega yfir þá þætti við úttektir.

Ljóst er að fullt aðgengi fyrir alla á að vera tryggt að mannvirkjum sem falla undir ákvæði algildrar hönnunar að fenginni öryggisúttekt. Þó hefur það liðist að leyfisveitendur gefi eigendum talsverðan slaka á við að standast þær kröfur, án þess að nokkur heimild sé til þess í íslenski löggjöf. Það hefur þýtt að mannvirki séu tekin í notkun án þess að aðgengi sé að þeim fyrir fatlað fólk og jafnvel afsakað með því að lokaúttekt hafi ekki farið fram. Það verður að taka fyrir það. Leyfisveitendur eiga ekki að gefa út öryggisúttekt nema að fullt aðgengi að mannvirkinu sé fyrir alla. Húsnæðis- og mannvirkjastofnun verður að halda uppi virkari eftirliti með leyfisveitingum en hefur verið. Ennfremur verður að vera skilyrði fyrir því að öryggisúttekt og lokaúttekt verði gefin út á mannvirki að því tilskyldu að slökkviliðið samþykki það. Það skilyrði er ekki fyrir hendi í dag, þrátt fyrir að fulltrúi slökkviliðsins eigi að vera viðstaddur þessar úttektir.

Það eftirlit sem lítið er komið inn á er eftirlit almennings með byggingarframkvæmdum og veittum leyfum. Það er gríðarlega mikilvægt að ferlið sé gegnsætt svo að hinn almenni borgari geti fylgst með að byggingarleyfi séu afgreidd með eðlilegum hætti, að eftirlit sé virkt og að undanþágur og leyfi fyrir breytingum séu ekki gefnar án gilds rökstuðnings sem byggður er á heimild í lögum. Byggingargátt Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar sem hefur verið í smíðum í langan tíma er aðeins ætluð fag- og embættismönnum. Neytendaverndin er lítil. Möguleikar fólks sem á eftir að eignast og nota mannvirkin til framtíðar til að fylgjast með ákvarðanatöku eru nánast engir, heldur hafa hagsmunir þeirra sem vinna við það að reisa byggingar og selja þær sem fyrst með sem mestum ágóða talist mikilvægastir. Þá skal bent á að fram hefur komið í svari byggingarfulltrúans í Reykjavík við fyrirspurn ÖBÍ að ekki sé sérstaklega haldið utan um greinargerðir sem verður að leggja fram ef eigendur eldri

mannvirkja telja sig ekki geta bætt aðgengi fyrir fatlað fólk við breytingar. Því er ekki hægt að greina hvort afgreiðsla þeirra erinda hafi verið á faglegum grunni.


ÖBÍ leggur til breytingar á frumvarpinu með hliðsjón af þeim ábendingum sem koma fram að ofan og í umsögn bandalagsins dags. 14. maí 2020.

Ekkert um okkur án okkar

Með vinsemd og virðingu,



Þuríður Harpa Sigurðardóttir
formaður ÖBÍ



Bergur Þorri Benjamínsson
formaður Sjálfsbjörg Ish.

Fylgiskjal: Umsögn Öryrkjabandalags Íslands (ÖBÍ) um frumvarp til laga um breytingu á lögum um mannvirki nr. 160/2010 (flokkun mannvirkja og eftirlit með mannvirkjagerð), dags. 14. maí 2020.

Umsögn Öryrkjabandalags Íslands (ÖBÍ) um frumvarp til laga um breytingu á lögum um mannvirki nr. 160/2010 (flokkun mannvirkja og eftirlit með mannvirkjagerð)

Flokkun mannvirkja

Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að tekið verði upp kerfi til flokkunar mannvirkja „eftir stærð þeirra, hversu vandasöm hönnun þeirra er, fyrirhugaðri notkun og samfélagslegu mikilvægi.”

Í greinargerð segir að með “því að innleiða flokkun mannvirkja mætti gera framkvæmdarferlið einfaldara og styttra, með minna eftirliti, fyrir þau mannvirki sem teljast minniháttar samkvæmt flokkun en hafa ferlið ítarlegra, með auknu eftirliti, fyrir þau mannvirki sem teljast til að mynda flókin og samfélagslega mikilvæg” (bls. 7).


Ekki er skýrt nánar hvaða mannvirki gætu talist meiri- eða minniháttar, en ef reynslan er einhver vísbending kæmi ekki á óvart ef flest mannvirki teldust minniháttar enda hefur atvinnulífið þrýst mjög á um minna eftirlit og aukið svigrúm til að byggja ódyrt og fljótt án mikilla afskipta. Sagt er að stefnt verði að því að útfæra flokkun mannvirkja í nánú samráði við hagsmunaaðila og önnur stjórnvöld. Krafa okkar er að fulltrúar almennings, þess fólks sem á eftir að nota mannvirkin, ekki síst helstu samtök fatlaðs fólks sem hafa mikilla hagsmuna að gæta, komi að þeirri ákvarðanatöku frá fyrstu stigum.

Rétt er að geta þess að Öryrkjabandalagi Íslands hefur ítrekað verið haldið utan við slíka áætlunavinnu og hvorki fengið sæti á Byggingarvettvanginum né í átakshópi um aukið framboð á íbúðum og aðrar aðgerðir til að bæta stöðu á húsnæðismarkaði.

Leyfisveitingar, úttektir og eftirlit

Eftirlit er gríðarlega mikilvægt og því er mjög ábótavant í þessum geira. Byggingarfulltrúar sveitarfélaganna hafa það hlutverk að fara yfir hönnunargögn, veita leyfi og gera öryggis- og lokaúttektir, en byggingarstjórar eiga nú sjálfir að framkvæma áfangauúttektir á byggingartímanum.

Þorri mannvirkja sem byggður er á að vera aðgengilegur öllum og algild hönnun höfð í hávegum, skv. ákvæðum byggingarreglugerðar nr. 112/2012. Síðari breytingar hafa það sameiginlegt að þrengt hefur verið að þessum skilyrðum og kannski ætti skilgreiningin frekar að vera aðgengi fyrir flesta oftast. Þessi ákvæði eru svo ítrekað brotin án afleiðinga sem



sýnir hversu eftirlitið er máttlaust í raun. Þess vegna er mjög á mælisvert að fallið hafi verið

frá áætlunum um að fela óháðum skoðunarstofum eftirlit með byggingarframkvæmdum eins og stefnt hefur verið að lengi. Nálægð leyfisveitanda við verktaka og sveitarfélagið sem bæði hafa hagsmuni af því að mannvirkið rísi hratt getur aukið til muna líkurnar á að ýmislegt sé látið fljóta sem ekki er gert ráð fyrir í löggjöfinni. Þess verður þó að gæta að álagið á embættin er gríðarlegt og fæst hafa bolmagn til að sinna öllum sínum skyldum eins og æskilegt væri.

Helsta vandamálið í kerfinu í dag er þó sjálfsagt samspil öryggis- og lokaúttektar. Þegar öryggisúttekt hefur verið gerð mega líða þrjú ár fram að lokaúttekt, en þar sem byggingarstjóri skal skv. reglum óska eftir lokaúttekt frekar en að leyfisveitandi gangi á eftir henni getur hún dregist langt fram yfir þann tíma. Í stuttu máli sagt er hægt að taka mannvirki í notkun, þ.m.t. flytja inn í það, að lokinni öryggisúttekt, en ákvæði um algilda hönnun þurfa ekki að vera uppfyllt fyrr en að fenginni lokaúttekt. Það þýðir að nýbygging getur verið óaðgengileg fötluðu fólki í mörg ár þrátt fyrir að við höfum undirgengist skyldu um að jafna aðgang fólks að samfélaginu. Viðkvæði hönnuða og byggingarfulltrúa við aðfinnslum er oft að lokaúttekt sé ekki búin, þ.e. að aðgengi muni verða í lagi eftir x mörg ár, rétt eins og að þá muni útidyratröppur skyndilega víkja fyrir römpum, háir þröskuldar verði fjarlægðir, veggir færðir til svo hægt sé að snúa sér í hjólastól, lyfta verði sett í stokk og sjálfvirkur opunarbúnaður við allar dyr í almenningi. Í millitíðinni á fólk sjálfsagt að biða fyrir utan. Það er afar mikilvægt að breyta löggjöfinni svo að ákvæði um algilda hönnun séu uppfyllt við öryggisúttekt.

Það er gott skref að haft verði eftirlit með gæðastjórnunarkerfum í rafrænni byggingargátt þar sem einnig verður hægt að koma að athugasemdum, sbr. 3. gr. Vonandi verður eftirlit Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar með leyfisveitingum og byggingarframkvæmdum aukið frá því sem var, en eftirlit gömlu Mannvirkjastofnunarinnar með því að ákvæði um algilda hönnun væru virt hefur ekki verið áberandi gegnum árin. Það skýtur þó skökku við að stofnunin á ekki að framkvæma eftirlit með gæðastjórnunarkerfum heldur er gert ráð fyrir að “eftirlitsskyldir aðilar afl[i] úttekta frá faggiltum skoðunar- eða vottunarstofum eftir atvikum.” (um 3. gr. í greinargerð, bls. 7). Enn er eftirlitsskyldum aðilum fengin sú ábyrgð að halda utan um eftirlit með sjálfum sér og sínum verkum, sem gerir eftirlit jafnan bitlitið eins og dæmin sanna.

Umsögn þessi var kynnt fyrir Landssamtökunum Þroskahjálpi sem óskuðu eftir að í umsögninni kæmi fram að samtökin eru fullkomlega sammála því sem fram kemur í henni og skora á hlutaðeigandi stjórnvöld að taka athugasemdir, ábendingar og tillögur sem settar eru fram í umsögninni til viðeigandi og vandaðrar umfjöllunar í samstarfi og samráði við fatlað fólk og samtök sem vinna að réttinda- og hagsmunamálum þess.

Tillögur

ÖBÍ leggur til að

- bandalagið taki þátt í vinnu starfshóps um að útfæra flokkun mannvirkja
- ákvæði um algilda hönnun mannvirkja verði uppfyllt við öryggisúttekt

- Húsnæðis- og mannvirkjastofnun taki upp virkt eftirlit með leyfisveitingum og byggingarframkvæmdum

Ekkert um okkur án okkar

Með vinsemd og virðingu,



Þuríður Harpa Sigurðardóttir
formaður ÖBÍ